

**Nr. 163 / 13 Álseý VE 2****Strandar í Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 2772 IMO nr. 8602866  
 Smíðaður: Flekkefjord Noregi, 1987 stál  
 Stærð: brl. 2155,71 bt.  
 Mesta lengd: 65,65 m Skráð lengd: 60,24 m  
 Breidd: 12,60 m Dýpt: 10,66 m  
 Vél: Bergar Diesel 2950 kW 1986  
 Fjöldi skipverja:



Álseý ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNS

Drög að lokaskýrslu afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

**Atvikalýsing:**

Þann 8. nóvember 2013 var Álseý á nótaveiðum á Hofstaðarvogi í Breiðafirði. Veður. ANA. 7 m/sek. (Stykkishólmi kl. 12.00)

Við síldarleit lét skipstjóri reka um stund en þar sem straumur var sterkari en hann reiknaði með rak skipið upp í grynningar og stóð fast í hælinn á stað 65°00'907 N og 22°54'295 V. Var klukkan þá 12:20. Jóna Eðvalds SF 200 var að veiðum við hlið Álseýjar og bauðst skipstjóri Jónu Eðvalds til að kippa í skipið og við það losnaði það strax.



*Við rannsókn kom fram:*

- að skipstjóri taldi að djúprista skipsins hafi verið sjö metrar á þessum tíma;
- að flóðhæð í Stykkishólmi var 3,6 metrar og flóð kl. 10:04. Því var hálf útfallið og nokkuð þungur fallastraumur út úr Hofstaðarvogi sem fellur að rekstefnu skipsins að strandstað;
- að ekki urðu skemmdir á botni skipsins.

*Nefndarálit:*

Orsök strandsins var athugunarleysi skipstjóra.